

# ÁHÆTTUMAT



**Skrifleg áætlun um  
öryggi og heilbrigði  
á vinnustað**

## Vinnuvernd er margþætt

Eftirfarandi þættir skulu skoðaðir við gerð áhættumats:

- Efni og notkun hættulegra efna á vinnustað
- Félagslegir og andlegir vinnuverndarþættir (samskipti, upplýsingaflæði, tímaþröng, einelti o.s.frv.)
- Álag á hreyfi- og stoðkerfi
- Umhverfispættir (hávaði, lýsing og birtuskilyrði, hiti, kuldi, titringur, dragsúgur, smitleiðir o.fl.)
- Vélar og tæki

Samkvæmt reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum ber atvinnurekanda að gera skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem á að marka stefnu varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustaðnum.

## Skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað skal fela í sér

1. Sérstakt áhættumat
2. Áætlun um heilsuvernd og forvarnir sem skal fela í sér að gerðar séu úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins
3. Eftirfylgni að úrbótum loknum

### 1. Sérstakt áhættumat

- Áhættumat skal vera skriflegt og taka til vinnuaðstæðna starfsmanna
- Meta skal áhættu í starfi með tilliti til heilsufars starfsmanna
- Áhættumat þarf að gera fyrir alla atvinnustarfsemi án tillits til fjölda starfsmanna




## Áhættumatið skal fela í sér:

- Greiningu – að vinnuaðstæður séu skoðaðar á kerfisbundinn hátt og áhættuþættir greindir og skráðir
- Mat – að allir áhættuþættir séu metnir, þ.e. eðli, alvarleiki, umfang og orsök hættunnar
- Samantekt – að gerð sé samantekt á niðurstöðum áhættumatsins

## 2. Áætlun um heilsuvernd skal fela í sér forvarnir

- Áætlunin skal fela í sér að gerðar séu úrbætur í samræmi við niðurstöður áhættumatsins
- Greina skal frá til hvaða aðgerða verði gripið til að koma í veg fyrir eða draga úr þeirri áhættu sem kom í ljós við áhættumatið
- Þegar í stað skal bregðast við bráðri hættu
- Í áætlun skal forgangsraða úrbótum sem grípa þarf til vegna áhættu á vinnustað og tímasetja hvenær þeim skal lokið

## 3. Eftirfylgni

- Atvinnurekandi skal tryggja eftirfylgni að úrbótum loknum með því að meta úrbætur að ákveðnum tíma liðnum og gera endurbætur ef þörf krefur
  - Endurskoða skal áætlun um öryggi og heilbrigði ef breytingar verða á vinnuaðstæðum, vinnutilhögun eða framleiðsluaðferðum
    - Þegar vinnuslys eða alvarleg óhöpp verða
    - Ef upp koma atvinnutengdir sjúkdómar
- 

## Forvarnir

- Við val á aðgerðum skal taka mið af almennum viðmiðum um forvarnir
- Forvarnir skulu felldar inn í alla starfsemi vinnustaðarins
- Hafa skal að markmiði að bæta ríkjandi aðstæður

## Almenn viðmið um forvarnir sem áhættumatsgerðin byggir á

- a) að koma í veg fyrir áhættu
- b) að meta áhættu sem ekki er unnt að koma í veg fyrir
- c) að ráðast að rótum áhættunnar
- d) að laga vinnuferli að einstaklingum, einkum við hönnun vinnustaðarins og þegar valin eru tæki og vinnu- og framleiðsluaðferðir. Þetta skal gert til að draga úr einhæfni við vinnu og vinnu með fyrirfram ákveðnum hraða svo að koma megi í veg fyrir heilsuspillandi áhrif á starfsmenn
- e) að aðlagast tækniframförum
- f) að skipta á því sem er hættulegt og því sem er hættulaust eða er síður hættulegt
- g) að móta heildstæða stefnu um forvarnir sem tekur til tækni, skipulagningar vinnunnar vinnuskilyrða, félagslegra tengsla og þátta er tengjast vinnuumhverfi
- h) forvarnir sem ná til fjölda starfsmanna hafi forgang fram yfir ráðstafanir sem vernda einstaka starfsmenn
- i) að starfsmenn fái viðeigandi tilsögn